

L Ö G

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð þær reglur um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru að gerast aðilar að, eða þá samninga, sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda.

Ráðherra er auk þess heimilt að setja aðrar þær reglur um þessar veiðar, sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur þær, er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 17. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;